

L Ö G

42

19. maí

um

mat á kjöti til útflutnings.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Allt kjöt, sem flutt er héðan af landi, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna. Slátrun skal fara fram í þrifalegum húsakynnum og svo rúmgóðum, að kjötið geti kólnað nægilega fljótt og skemmdalaust. Slátrunin skal vera þrifaleg og kjötið hreint og óskemmt. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur atvinnu-málaráðuneytið reglur um meðferð kjötsins, læknisskoðun, frystingu, söltun og umbúdir og allt það, sem viðkemur kjötverkuninni.

2. gr.

Læknisskoðun og stimplun skal fara fram á öllu kjöti, sem til útflutnings er ætlað, áður en söltun eða frysting fer fram, samkvæmt lögum um merking á kjöti, nr. 7, 13. sept. 1912.

Nú reynist ókleift að fá hæfan lækni til stimplunar á einhverjum slátrunarstað, og getur þá stjórnarráðið veitt undanþágu frá stimpluninni fyrir eitt ár í senn, en ætið skulu þær tunnur, sem óstimplað kjöt er saltað í, merktar sérstöku merki, og setur stjórnarráðið nánari reglur um það.

Frosið kjöt má ekki flytja úr landi, nema það sé áður skoðað af lög-giltum lækni. Atvinnu-málaráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með og yfirmatsmaður á frosnu kjöti mælir með undanþágunni.

Læknir getur neitað að stimpla það kjöt, sem bann telur eigi hæft til útflutnings sökum megurðar, óhreininda og þess, að illa hefir verið flegið, eða annara skemmda. Skal læknir jafnframt tilkynna hlutaðeigandi yfirmatsmanni misfellurnar, ef mikil brögð eru að.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur, ef þess er óskað, og samkvæmt tillögum yfirmatsmanns, löggilt sláturhús og frystihús, þar sem fé er slátrað og kjötið fryst til útflutnings, ef húsin eru svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að öruggt þyki, að hægt sé þess vegna að fullnægja itarlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum. Atvinnumálaráðuneytið heldur skrá yfir þessi löggiltu hús, þar sem hvert þeirra hefir sérstakt löggildingarmerki.

Sérstaka reglugerð skal setja um allan útbúnað hinna löggiltu húsa.

4. gr.

Hverja saltkjötstunnu skal merkja á efra botn, eða báða botna, varanlegum og glöggum merkjum, bæði einkamerki hvers útflytjanda og tegundar- og flokksmerkjum kjötsins. Umbúðir um frosið kjöt skal merkja á sama hátt, og ennfremur sé festur merkimiði við hvert krof með greinilegu flokksmerki og einkamerki útflytjanda. Á aðra hlið merkimiðans sé prentað læknisvottorð, undirskrifað af lækni þeim, sem skoðað hefir kjötið. Atvinnumálaráðuneytið setur nánari reglur um merkingu kjötsins og umbúðir.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar yfirmatsmenn á kjötinu. Skulu þeir sýna ábyggileg vottorð um það, að þeir hafi aflað sér þekkingar og æfingar á slátrunarstörfum í reglulegu sláturhúsi, ennfremur í meðferð kjöts, niðursöltun og frystingu. Þeir mega enga þóknun þiggja, hverju nafni sem nefnist, hjá neinum þeim, sem kjöt er metið fyrir, heldur ekki hjá skipstjórum á útflutningsskipum né öðrum, sem við útflutning kjötsins eru riðnir. Ekki mega þeir heldur hafa með höndum sölu á kjöti til útlanda né neinskonar milligöngu í því efni, er þeir hafi hagnað af.

Yfirmatsmenn þessir skulu alls vera 6, og ákveður atvinnumálaráðuneytið umdæmi þeirra hvers um sig. Að minnsta kosti einn þeirra skal hafa yfireftirlit með flokkun og meðferð á frosnu kjöti. Árleg laun yfirmatsmanns á frosnu kjöti skulu vera 800 krónur, en annara yfirkjötmatsmanna 600 kr., auk ferðakostnaðar eftir sanngjörnum reikningi, er atvinnumálaráðuneytið úrskurðar. Hvorttveggja þetta, svo og annar kostnaður, er fljóta kann af yfirmati kjötsins, greiðist úr rikissjóði.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað, þar sem fé er slátrað til útflutnings. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögu hlutadeigandi yfirmatsmanns kjötsins í því umdæmi, að fengnum tillögum forstöðumanna sláturhúsa eða sláturfélaga.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt erindisbréfi.

Kaup kjötmatsmanna á hverjum stað ákveða yfirmatsmenn í sam-

raði við forstöðumenn sláturhúsa eða hlutaðeigandi verzlánir, og greiðir út- 42
flytjandi kaupíð. Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukabóknun eða 19. maí
hlunnindi af þeim, er þeir meta hjá eða riðnir eru við útflutning kjötsins, né
vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt eða leysir það illa af hendi, að
dómi yfirkjötmatsmanns, og skal yfirkjötmatsmanni þá heimilt að vikja hon-
um frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra
samstundis þessa ráðstöfun, sem þá vikur hinum brotlega matsmanni endan-
lega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

7. gr.

Þar, sem kjöt er bæði fryst og saltað til útflutnings frá sama slátur-
húsi, getur matsmaður á frystu kjöti einnig haft með höndum mat og eftirlit
með söltun og annari meðferð á saltkjöti, enda sé þá þessa tvöfalda hlutverks
getið í erindisbréfi hans.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur erindisbréf fyrir undirmatsmenn og setur
þar nánari fyrirmæli um flokkun og mat kjötsins, um frystingu kjötsins, söltun
þess og þæklun, um merking þess, um eftirlit með geymslu þess og útskipun,
svo og um aðrar skyldur undirmatsmanna.

9. gr.

Kjötmatsmenn og yfirmatsmenn á kjöti skulu, áður en þeir taka til
starfa, undirrita drengskaparvottorð um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð
og samvizkusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Atvinnu-
málaráðuneytið stilar þeim heitið.

10. gr.

Yfirmatsmenn á kjöti skulu ferðast um umdæmi sitt árlega, helzt á
tímabilinu frá 1. sept. til 31. okt., og koma á hvern stað, þar sem fé er slátr-
að til útflutnings. Þeir skulu lita eftir húsum þeim, sem höfð eru til slátrunar,
kjötgeymslu og niðursöltunar, og finna að því við hlutaðeigendur, sem þeim
þykir ábótavant í þessum efnun. Nú er á einhverjum stað eigi kleift að reka
sláturfé til sláturhúss, og getur atvinnumálaráðuneytið þá veitt undanþágu
fyrir 1 ár í senn til þess, að slátra megi fénu úti á góðum blóðvelli, með
þeim skilyrðum, er yfirmatsmaður setur, til þess að kjötið verði eigi fyrir
neinum skemmdum, en sé hreint og vel verkað, en slíkt kjöt má þó ekki
flytja út öðruvísi en saltað.

Yfirmatsmaður á frosnu kjöti skal, meðan slátrun stendur yfir að
haustinu, koma svo oft á hvern slátrunarstað í umdæmi sínu, sem hann telur
þörf og ástæður leyfa.

Yfirmatsmenn skulu lita eftir því, að á hverjum stað séu hæfir menn
til slátrunarstarfa, kjötmats og kjötverkunar. Þeir skulu hvarvetna leiðbeina

42 um slátrun og kjötmeðferð alla og leitast við að koma á sem beztri meðferð og fyllstu samræmi í meðferð og frágangi vörunnar. Yfirmatsmenn fá 3 krónur í dagpeninga fyrir þá daga, sem þeir eru á ferðalagi í framantöldum erindum, og telst það með ferðakostnaði.

Atvinnumálaráðuneytið getur kvatt yfirmatsmenn saltkjötsins til funda á þeim tíma, er því kemur saman um við þá, til þess að bera sig saman um hlutverk sitt samkvæmt lögum þessum og koma sem beztu samræmi á kjötmatíð og önnur störf kjötmatsmanna, ennfremur til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um reglur þær, er hún setur um mat og meðferð kjötsins, eða um breytingar á þeim reglum, sem í gildi eru.

Kaup fyrir þá daga, sem yfirmatsmenn eyða til funda þessara frá heimili sínu, greiðist úr ríkissjóði eftir samkomulagi við stjórnarráðið, en um ferðakostnaðinn fer samkvæmt 5. gr.

11. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út kjöt til sölu á útlendum markaði án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking þess, sæti 1000—3000 kr. sektum til ríkissjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot kjötmatsmanna og yfirkjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 15, 10. sept. 1919, um mat á saltkjöti til útflutnings.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.